



Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Kópavogi, 27. janúar 2021
2012425/001.01 SP

Efni: Umsögn kjörstjórnar Kópavogs um frumvarp til kosningalaga. 339. mál.

Kjörstjórn Kópavogsbæjar vill koma á framfæri athugasemdum vegna frumvarps til kosningalaga. Í 143. gr. frumvarpsins segir að lögini taki gildi 1. maí 2021. Kjörstjórn telur að tímarammi til að innleiða nýtt fyrirkomulag vegna Alþingiskosninga haustið 2021, sé alltof knappur. Í því sambandi er rétt að benda á að milli gildistöku 1. maí nk. og haustkosninga er sumarið með öllum þeim sumarfríum sem því fylgja og þar af leiðandi hæðgangi í starfsemi hins opinberlega. Telja verður ráðlegra að núgildandi lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, verði látin gilda um haustkosningarnar, þótt frumvarpið tæki að öðru leyti gildi 1. maí.

Kjörstjórn Kópavogs er að öðru leyti jákvæð fyrir frumvarpinu enda virðist það fela í sér mörg framfaraskref og sérstaklega jákvætt að hafa rafræna kjörskrá og ein kosningalög í stað fjögurra. Megináhyggjurnar lúta þannig fyrst og fremst af gildistöku m.t.t. Alþingiskosninga í haust. Líkt og vikið er að hér að framan er líklegt að þessi tími kunni að vera of knappur til að stjórnarsýslan verði nægilega undirbúin.

Virðingarfyllst,

F.h. kjörstjórnar Kópavogs
Snorri Tómasson, formaður